115 27. sept. Um þetta málefni skal jeg hjermeð þjónustusamlega gefa yður til vitundar, til leiðbeiningar og frekari þóknanlegrar auglýsingar, að jeg er yður samdóma um, að sýslumenn hafi heimild til að reikna sjer ferðakostnað í landamerkjamálum samkvæmt 16. gr. aukatekjureglugjörðarinnar, þareð jeg ekki get álitið, að þessari almennu ákvörðun, um rjett þeirra til ferðakostnaðar í einkamálum, hafi með 14. gr. landamerkjalaganna verið breytt með tilliti til þess flokks af einkamálum, sem nýjar rjettarfarsreglur eru settar um í nefndum lögum, og það því síður, sem sú borgun, sem þar er ákveðin, ekki er hærri en sú, sem þeim nú ber auk ferðakostnaðar, en eptir hinni umgetnu lagagrein ber að ákveða upphæð borgunarinnar í dóminum. Að því er snertir hina tilkvöddu dómendur í merkjadómi, þá er þeim í 14. gr. landamerkjalaganna veitt sama borgun og sýslumanni fyrir hvern dag, sem þeir eru að merkjadómi, en þar sem engin sjerstök lagaákvörðun er til, er heimili þeim ferðakostnað, virðist þeim ekki bera önnur borgun en sú, sem ákveðin er í greininni.

116 29. sept. **Brjef landshöfðingja** *til biskupsins* **um niðurlagning Hítardalskirkju og sameining Hítardals sóknar við Staðarhrauns sókn.** — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 22. júlím. þ. á., hafið þjer, háæruverðugi herra, lagt það til, að landshöfðinginn, samkvæmt 4. gr. laga 27. febr. 1880 um skipun prestakalla, og eptir að hlutaðeigandi hjeraðsfundur hefur veitt til þess samþykki sitt, fallizt á:

1. að Hítardals kirkja í Mýra prófastsdæmi verði lögð niður og Hítardals sókn sameinuð Staðarhrauns sókn;
2. að Hítardals kirkja verði seld við opinbert uppboð og andvirði hennar, ásamt ornamentis hennar og instrumentis, svo og sjóður hennar verði lagt til Staðarhrauns kirkju;
3. að prestinum að Staðarhrauni verði gjört að skyldu að messa fyrst um sinn tvo helgidaga í röð í Staðarhrauns kirkju, en þriðja hvern helgidag í Alptatungu.

Um leið og jeg hjermeð samþykki þessar tillögur yðar, með þeirri nákvæmari ákvörðun, að Hítardals kirkja verði seld til niðurrifs en ekki til þess, að kaupandi hennar megi láta hana standa og hafa hana til neinna veraldlegra afnota, skal jeg þjónustusamlega skora á yður, að gjöra þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru máli þessu til framkvæmdar.

117 8. okt. **Brjef landshöfðingja** *til forstjóra sparisjóðsins í Reykjavík* **um endurveiting hlunninda handa tjeðum sparisjóði.** — Samkvæmt bónarbrjefi frá hinum heiðruðu forstjórum sparisjóðsins í Reykjavík, dags. 5. þ. m., endurveitist hjermeð nefndum sparisjóði fyrir næstkomandi 10 ár eða til 10. okt. 1894 hlunnindi þau, er samkvæmt tilsk. 5. jan. 1874 voru veitt honum með landshöfðingjabrjefi 10. okt. 1874, og er endurveiting þessi bundin hinum sömu skilyrðum, sem tiltekin voru í nefndu brjefi.

118 22. okt. **Brjef landshöfðingja** *til forseta sjúkrahússfjelagsins í Reykjavík* **um lán til sjúkrahússbyggingar.** — Með brjefi þessu veitti landshöfðingi, að þartil fengnu leyfi ráðgjafans, sjúkrahússfjelaginu í Reykjavík 7000 kr. lán úr viðlagasjóði til að fullgjöra nýtt sjúkrahús í Reykjavík, gegn veði í hinu nýja húsi og 4 af hundraði í vöxtu árlega, og skyldi fjelagið auk þess skyldugt til að endurborga innan 1. sept. næsta ár þann hluta